




5. verkefni 05atvinnuleysi

Farið inn á vef Hagstofunnar og skoðið atvinnuleysi milli ára í desember 2010–2014.

Merkið við og veljið milli töflu á skjá og skráarforms eins og sýnt er hér. Velja þarf a.m.k. eitt gildi fyrir hverja merkta breytu.

Opnið Excel-skrána:



Vistið Excel-skrána undir heitinu **05atvinnuleysi**

10. Skrifið **Ár** í hólfið **A4**.
11. Setjið þúsundapunkta á **C5** til **C9**.
12. **Myndrit**
Blokkið svæðið **A4** til **A9**.
Haldið **Ctrl**-hnappi niðri og veljið **C4** til **C9**.

	A	B	C
3			Alls
4	Ár		Atvinnulausir
5	2010	Desember	14.800
6	2011	Desember	10.500
7	2012	Desember	9.900
8	2013	Desember	8.200
9	2014	Desember	7.900


Útbúið súlurit með **ártölum** á neðri ás. Sýnið gildi eins og sýnt er. Minnkið **bil** milli súlna í 20%. Útlitsmótið myndritið þannig að það verði auðvelt aflestrar.

13. Skrifið sjálf stuttan texta í Word-skjalið með lýsandi texta um hvað myndritið sýnir. Afritið myndritið með tengingu á milli forritanna (Excel og Word).

Atvinnuleysi á Íslandi í desember 2010 til 2014

Atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað til muna frá árinu 2010. Árið 2008 varð hér á landi efnahagskreppa sem olli því að mörg þúsund manns urðu atvinnulausir. Með árunum hefur Íslendingum tekist að vinna sig út úr atvinnuleysi og má sjá mesta mun frá árinu 2012 til 2013 eins og sjá má á myndritinu hér fyrir neðan.

Ýmis úrræði voru notuð en fólk var hvatt til þess að stunda nám meðan það var á bótum og sent í starfsendurhæfingu sem kom því seinna aftur út á vinnumarkaðinn.



Heimild:

Hagstofa Íslands. (2016). *Vinnuafli, starfandi, atvinnulausir og vinnustundir - Mæling - Mánaðarlegar tölur*. Sótt 19. júní 2016 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_vinnumarkadur_vinnumarkadur/VIN00001.px/?rxid=85e32568-9270-4d00-8029-6a79e6bcb21d.

Ath. Getið heimilda í öll gögn sem sótt eru.